



Reykjavíkurborg  
Velferðarsvið

Alþingi  
Erindi nr. P 132/695  
komudagur 19.1.2006

Alþingi  
Allsherjarnefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík


Reykjavík, 16. janúar 2005

**Efni: Umsögn vegna frv. til laga um greiðslu til foreldra langveikra barna, 389. mál.**

Vísað er til bréfs nefndarritara allsherjarnefndar, dags. 14. desember 2005, þar sem fram kemur beiðni til Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar um að veita umsögn um frumvarp til laga um greiðslur til langveikra barna.

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar lýsir yfir ánægju yfir þeim tímabæru réttarbótum sem frumvarpið ber með sér foreldrum langveikra barna til handa. Velferðarsvið Reykjavíkurborgar telur þó að ákvæði 19. gr. frumvarpsins um gildistöku sé ekki ásættanlegt. Gildistökuákvæðið getur verið afar ósanngjarnt t.d. fyrir foreldra barna sem fædd eru í desember 2005 og fyrr. Þá verður einnig að telja óheppilegt að lögin komi ekki að fullu til framkvæmda fyrr en 1. janúar 2008. Að öðru leyti gerir Velferðarsvið Reykjavíkurborgar ekki athugasemdir við einstaka greinar frumvarpsins og lýsir yfir stuðningi við frumvarpið.

F.h. Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar

  
Guðmundur St. Ragnarsson, lógfr.

Afrit: Stjórnsýslu- og starfsmannasvið Reykjavíkurborgar.